



## Fundur háskólaráðs 9. janúar 2003

### Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 07.01.2003  
Dags: 09.01.2003

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

1/2003

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 9. janúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Þórður Harðarson, Hörður Sigurgestsson, Davíð Gunnarsson, María Guðmundsdóttir, Þorsteinn Loftsson, Hjalti Hugason, Stefán Svavarsson og Ármann Höskuldsson.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram “En nordisk plattform for kvalitetssikring”, dags. 8. janúar 2003.
- 1.2 Lagðar fram hugmyndir stúdenta í stjórn málafræði um að halda ráðstefnu í október 2003 sem líkir eftir formi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram minnisblað til háskólaráðs um nýjar reglur um framhaldsnám í lyfjafræðideild og læknadeild, dags. 6. janúar 2003.  
Meðfylgjandi eru bréf deildarforseta lyfjafræðideildar dags. 20. nóvember 2002, er varðar breytingu á 124. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 458/2000 og bréf deildarforseta læknadeildar um endurskoðun reglna deildarinnar um doktorsnám við læknadeild Háskóla Íslands.  
- Reglur um framhaldsnám í lyfjafræðideild og læknadeild samþykktar einróma.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Reyni Tómasi Geirssyni, deildarforseta læknadeildar, dags. 10. desember 2002. Læknadeild óskar eftir að fjöldatakmörkanir í skorir deildarinnar verði óbreyttar frá samþykkt sem nú er í gildi, þ.e.a.s. 48 nemendur sem hefji nám í læknisfræði og 20 sem hefji nám í sjúkraþjálfun.  
- Afgreiðslu frestað.
- 2.3 Tillaga stjórnarsýslusviðs um tímasetningu tillagna að breytingum á reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000.  
- Samþykkt einróma.
- 2.4 Tillaga til háskólaráðs að eftirtaldir verði fulltrúar Háskóla Íslands í stjórn Rannsókn- og háskólanets Íslands hf.  
Aðalmenn: Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri,  
Sæþór Jónsson, forstöðumaður RHÍ,  
Ebba Þóra Hvannberg, dósent.  
Varamenn: Jón Torfi Jónasson, prófessor,  
Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor,  
Helgi Þorbergsson, dósent.  
- Samþykkt einróma.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Viðhalds- og framkvæmdaáætlun Háskólans fyrir árið 2003.  
Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmda, gerði rækilega grein fyrir framlögðum drögum að framkvæmdaáætlun 2003, dags. 9. janúar 2003. Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.  
Málið verður áfram á dagskrá.
- 3.2 Kynning á starfsemi Happpdrættis Háskóla Íslands, (kl. 14.30).  
Inn á fundinn kom Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri Happpdrættis Háskóla Íslands og rakti sögu og starfsemi HHÍ frá stofnun þess árið 1933. Greindi Brynjólfur ítarlega frá rekstri HHÍ, bæði í heild og í einstökum þáttum. Í máli Brynjólfs kom m.a. fram að það væri stefna núverandi stjórnar að tengja betur saman Happpdrættið og Háskólann, þ.e. gera eiginlegt markmið Happpdrættisins sýnilegra en áður. Þá skýrði Brynjólfur frá því að eitt helsta baráttumál HHÍ væri lækkun eða afnám einkaleyfisgjaldsins sem HHÍ þarf að greiða ríkissjóði fyrir rekstur peninga-happpdrættis. Loks lýsti hann horfum fyrir rekstur happaleikja, bæði innanlands og í alþjóðlegu samhengi. Málið var rætt og beindu ráðsmenn fjölmörgum spurningum til Brynjólfs sem hann svaraði skilmerkilega.
- 3.3 Stefnunefnd H.Í. og LSH.  
Frestað til næsta fundar.

### 4. Önnur mál

- 4.1 Stúdentadagurinn 2003.  
Fulltrúar stúdenta í háskólaráði lögðu fram tillögu um að Stúdentadagurinn verði haldinn hátíðlegur hinn 12. september næstkomandi með svipuðu sniði og undanfarin ár. Mælt er til þess við kennara að gefa frí frá kl. 12 á hádegi.  
- Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 15.25